

Kæli- og frystivörutrygging bætir tjón á lausafé sem geymt er í tilgreindum frysti- og kæligeymslum á váttryggingarstað. Um trygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

Váttryggður er váttryggingartaki. Váttryggingin er ekki til hagsbóta fyrir aðra aðila svo sem veðhafa eða nýjan eiganda hins váttryggða.

1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir á þeim stað sem greindur er á váttryggingarskírteininu.

2. gr. Hvað fellur undir trygginguna?

Váttryggingin tekur til beins tjóns á váttryggðu lausafé sem tilgreint er í váttryggingaskírteini en aldrei til rekstrartaps eða annars óbeins tjóns. Sé ekki um annað samið tekur váttryggingin aðeins til tjóns á lausafé í eigu váttryggðs.

3. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur vegna tjóns á váttryggðu lausafé í tilgreindum frysti- og kæligeymslum á váttryggingarstaðnum af völdum þess að kælimiðill streymir út og/eða hiti hækkar vegna skyndilegrar og ófyrirsjáanlegrar bilunar í kælivélum, straumrofs eða annarra skyndilegra og ófyrirsjáanlegra atvika.

4. gr. Undanþágur

Váttryggingin bætir ekki tjón:

- Á vörum í kæli- og frystigámum.
- Á vörum sem voru gallaðar þegar þeim var komið fyrir í geymslu.
- Á vörum í geymslum sem kældar eru með þurrís eða ísmolum.
- Á vörum sem geymdar hafa verið lengur en hæfilegt getur talist miðað við tegund þeirra og eðli né heldur skemmda á þeim sem stafa af of langri geymslu þeirra.
- Vegna rekstrartap eða annars óbeins tjóns.

5. gr. Varúðarreglur

Skylt er að halda frysti- og kælikerfi (þ.á.m. vélum) í góðu rekstrarástandi og bæta skal án tafar úr þeim göllum eða vöntunum sem kunnugt er um, þ.m.t. því sem félagið telur nauðsynlegt.

Fylgja skal öllum leiðbeiningum og notkunarreglum seljanda um hirðu, notkun, álag eða viðhald frysti- og kælikerfis svo og opinberum fyrirmælum og reglum um rekstraröryggi.

6. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Um bótafjárhæðir fer skv. almennum skilmálum félagsins. Bætur fyrir tjón á vörum í framleiðslu og fullunnar vörur, sem váttryggður hefur sjálfur framleitt til notkunar, sölu eða dreifingar miðast við viðgerðarkostnað ef viðgerð er möguleg en að hámarki við innkaupsverð hráefnis og áfallinn kostnað við framleiðsluna miðað við verðlag á tjónsdegi. Bætur fyrir aðrar vörubirgðir og lagervöru nema að hámarki kostnaði við öflun sambærilegrar vöru. Ekki greiðast bætur fyrir áætlað söluverð eða missi hagnaðar.

Skilmálar þessir gilda frá 2. október 2019.